

Góð ráð

- Geymdu skotelda á öruggum stað.
- Lestu vel leiðbeiningar sem fylgja flugeldum.
- Vertu aldrei með flugelda í vasa.
- Notaðu hanska til að vernda hendur.
- Mundu eftir hlífðargleraugunum frá Sjóvá.
- Hafðu sérstakar gætur á börnum.
- Hallaðu þér aldrei yfir flugelda. Kveiktu í með útréttri hendi.
- Forðaðu þér um leið og logi er kominn í kveikiþráðinn.
- Mundu að áfengi og flugeldar fara ekki saman.
- Lokum gluggum og læsum útidyrum áður en farið er á brennu eða áramótafagnað.

Óskum landsmönnum öllum gleði og gæfu á komandi ári



SJÓVÁ

Sjóvá er aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Flugeldasala er mikilvægasta fjáröflun björgunarsveitanna.

Stuðningur þinn eflir okkar starf.



Pabbar og mömmur nota líka hlífðargleraugu – eigum örugg og ánægjuleg áramót



SJÓVÁ

Sjóvá er aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Förum varlega og eigum slysalaus og ánægjuleg áramót



Óheimilt er að selja eða afhenda börnum yngri en 12 ára flugelda. Öll meðferð barna á flugeldum á að vera undir eftirliti fullorðinna. Bannað er að selja eða afhenda flugelda barni yngri en 16 ára ef það er tekið fram í leiðbeiningum með þeim.



Víkja skal vel frá eftir að búið er að kveikja í flugeldunum.



Halda skal dýrum innandyra þar sem þau heyra sem minnst í sprengingunum. Hundar, kettir og hestar eru sérstaklega viðkvæm.



Alls ekki má handleika flugelda eftir að kveikt hefur verið í þeim þar sem þeir geta sprungið fyrirvaralaust. Hella skal vatni yfir þá.



Skotstaður þarf nægilegt rými. Hæfilegt er að hafa a.m.k. 20 metra fjarlægð frá húsum og bílum.



Þegar kveikt er á skotköku má aldrei halla sér yfir hana. Verið til hliðar og teygð höndina í kveikinn.



Hafið stöðuga undirstöðu undir rakettum, standblysum og skotkökum. Athugið að þau þurfa mikið rými.



Aldrei má kveikja í flugeldum meðan haldið er á þeim. Aðeins má halda á sérmerktum handblysum.

Munum að nota alltaf hlífðargleraugu



Börn skulu ávallt vera undir eftirliti fullorðinna í návist flugelda. Allir eiga að hafa öryggisgleraugu, einnig þeir sem horfa á. Standið fjarri, hávaði frá flugeldum getur skaðað heyrn.



Flest alvarleg flugeldaslys verða vegna fikts. Aldrei má taka flugelda í sundur og búa til heimagerðar sprengjur. Flugeldar og smádót eru ekki leikföng. Foreldrar brýnið þetta fyrir börnum.



Sjóvá er aðalstyrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar